



## Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 19. apríl 2022

Fundur: 2. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Salur ÍSí Engjavegi og Zoom

### Mætt:

**Aðalstjórn:** Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

**Varastjórn:** Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.

**Starfsmenn:** Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### Dagskrá:

#### 1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi.

Fundarboðun samþykkt. Engin rafrænt afgreidd erindi.

#### 2. Stefnumótun og áherslur

Formaður lagði áherslu á að stefnumótun og stefna sambandsins væri skýr og í samræmi við fjárhagsáætlun. Þá væri mikilvægt að huga vel að framsetningu alls efnis og stefnu, bæði efnislega og sjónrænt. Í þessu samhengi var rætt um starf, stefnu og sérstaklega stefnuskipti World Athletics. Var það samröma álit stjórnar að sú framsetning væri til fyrirmyndar, þó nokkuð mætti bæta við innihaldið. Rætt var um niðurstöður umræðuhópa þingsins þar sem rauður þráður var áhersla á bættu aðstöðu og framkvæmd móta. Ýmsar tillögur nefndar og þar á meðal sú að nýta krafta eldra fólks í sjálfbærniáhrifum á mótum, fordæmi væru fyrir því varðandi Smáþjóðaleika. Galli væri þó að slíkt fyrirkomulag kallaði á ákveðna miðstýringu FRÍ varðandi framkvæmd. Engin ákvörðun var tekin varðandi það önnur en sú að skoða málið áfram.

Ákveðið var að boða til stefnumótunarfundar þann 7. maí, frá kl. 9-12, og skuli skrifstofa senda út boð. Þar skuli leggja áherslu á að fá að sem flesta hópa, þar að meðal iðkenda. Skrifstofa komi að undirbúningi með stjórn. Í þessu samhengi var ákveðið að endurvekja Íþróttamannanefnd FRÍ. Á stefnumótunardegi skuli stjórn kynna ákveðin þemu; skýrslur World Athletics (Haukur), staðan í hreyfingunni (Aðalbjörg og Bergþóra). Nánari útfærsla verði unnin í samvinnu við skrifstofu.

#### 3. Vinnulag og staða verkefna

Stjórnarmönnum var kynnt verkefnastjórnunarkerfið Asana sem sambandið nýtir í starfi sínu. Asana sé samstarfsvettvangur skrifstofu og stjórnar þar sem hlutaðeigandi hafi yfirsýn yfir verkefni, ábyrgð og stöðu þeirra. Farið var yfir stöðu helstu verkefna stjórnar og skrifstofu. Kom

m.a. fram að fundargerð þings sé í vinnslu og nefndir hafi að mestu verið skipaðar og bíði samþykktar stjórnar.

#### **4. Afmæli FRÍ - Gögn og birting, afmælistót ofl.**

Nokkur umræða um vandkvæði við afmælistót FRÍ sem áætlað er í lok maí v/ólöglegs kastbúrs á Selfossvelli. Skrifstofu falið að ljúka því máli. Formaður, ritari og varaformaður taka að sér að stofna starfshóp varðandi afmæli FRÍ og muni hann starfa í samvinnu við skrifstofu. Hópurinn muni skoða hvernig fagna eigi afmælisári FRÍ og afmælisdegi, 16. ágúst 2022. Hugmynd um að nýta afmælið til að halda héraðsmót út um landið, heimsækja skóla og kynna starfið, voru ræddar og starfshópi falið að skoða þær. Fjárhagsnefnd, skuli vera bakland fyrir vinnuhóp varðandi fjárhagsáætlanir.

#### **5. Tengiliðir við nefndir og félög**

Lagt var til og samþykkt að sjórnarmenn skipti með sér verkum með samskipti við félög. Þeir sem hafi bein tengsl inn í stjórnir félaga sjá um samskipti við viðkomandi félag.

Rætt var um hvernig mætti styrkja tengslin við félögin og var lögð var fram sú hugmynd, og samþykkt, að halda opna félagafundi, heimsækja þau og/eða bjóða þeim heim.

#### **6. Önnur mál**

HSK hafði verið úthlutað að halda MÍ í þraut og 10k í byrjun ágúst en vegna anna og árekstra á vellinum sér félagið sér ekki fært að halda mótið. Ekki er talið æskilegt að færa mótið vegna verkefna bæði hér heima og erlendis. Samþykkt var að athuga hvort Breiðablik eða UMSS gætu tekið verkefnið að sér. Skrifstofu falið að hafa sambönd við félögin klára það mál.

Samþykkt var að skráning nýrra eigenda FRÍ og stjórnarskipti yrðu rafrænt í gegnum DocuSign.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.45

Ritun fundargerðar: Bergþóra Guðjónsdóttir, ritari FRÍ.